



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

SAMNINGUR UM KAUP Á LISTAVERKI

SAMNINGUR

VK-21043

ÁGÚST 2021

VERKKAUPI 1:
HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

VERKKAUPI 2 / SAMSTARFSAÐILI:
SVEITAFÉLAGIÐ ÁRBORG

VERKSALI:
FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS



Samningur um kaup á listaverki.

Sveitarfélagið Árborg kt. 650598-2029 og Heilbrigðisráðuneytið kt. 521218-0530, sem í samningi þessum verða nefnd kaupandi, og Ólöf Nordal kt. 010961-6379, í samningi þessum nefnd höfundur, gera með sér svofelldan

samning um kaup á listaverkinu „Mannfuglar“

af höfundi. Í samræmi við 14. gr. myndlistarlaga nr. 64/2012 skal verja a.m.k. 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar nýbyggingar til listaverka í henni og umhverfi hennar.

Lýsing á verkinu:

Verkið er með vinnutilinn „Mannfuglar“. Verkið samanstendur af 13 grönnum súlum og á toppi súlnanna er stytta af mannfugli. Súlnurnar með fuglafígúrunum mynda súlnaklasa og þannig eina heild. Súlnurnar verða 2-5 metra háar og 10-12 sm í þvermál. Mannfuglarnir verða frá 30-100 sm að hæð, eftir einstaklingum. Mannfuglarnir verða í nánast augnhæð séðir frá efri hæð hússins, en bera við himin á neðri hæð og í garði.

Fuglar og súlur verða úr bronsi. Súlur verða styrktar með stáli.

Áhersla er á að gera verk sem krefst sem minnst viðhalds. Mannfuglarnir verða steypdir í brons sem er nánast viðhaldsfrítt efni. Sumarið 2021 verður komið fyrir festingum fyrir verkið þar sem súlurnar verða staðsettar. Útlit og stíll mun ráðast af efnisnotkun, aðferð við mótun, málmsteypu og áframhaldandi þróun skúlptúra.

Staðsetning verksins: Staðsetning verksins verður í inngarði nýbyggingar sem er hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Árborg, nánar tiltekið á lóð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands við Árveg á Selfossi.

Greiðsla til höfundar:

Heildargreiðsla til höfundar vegna höfundarlauna, vinnu við undirbúning verksins, framkvæmd verksins, vinnu hönnuða (- verkfræðinga og arkitekta) og handverksmanna við verkið, vinnu við flutning, uppsetningu og lokafrágang verksins, ásamt eftirliti höfundar með framkvæmd þess, ferðir og akstur í tengslum við eftirlit og annað er samtals kr. 25.000.000 með vsk. Öll vinna sem þegar hefur átt sér stað vegna verksins, s.s. módelgerð, teikningar og annað er innifalin í heildargreiðslum til höfundar.

Greiðslurnar eru verktakagreiðslur fyrir kaup á þessu tiltekna listaverki sem afhent verður kaupanda fullklárað á afhendingardegi og eru ekki um neinar aðrar greiðslur að ræða af hálfu kaupanda.

Fyrirkomulag á greiðslum:

Greiðslur fari fram í samræmi við framvindu verksins. Miðað er við að verkið verði afhent, fullbúið og uppsett eigi síðar en 15. febrúar 2022.

Fyrsta greiðsla kr. 5.000.000 m. vsk. greiðist þegar undirritun samnings hefur átt sér stað.

Önnur greiðsla kr. 7.500.000 m. vsk. greiðist 15. ágúst 2021, verkstaða er áætluð 50%, (eða þegar frummyndir hafa verið sendar til framleiðanda sem mun vinna þær í brons).

Þriðja greiðsla kr. 7.500.000 m. vsk. greiðist 15. desember 2021, þegar fuglar og stangir hafa verið settar á undirstöður.

Fjórdða greiðsla kr. 5.000.000 m. vsk. greiðist, þegar verkið hefur verið afhent og sett upp, og allar merkingar komnar á staðinn.

Samtals kr. 25.000.000 með vsk (vsk. innifalinn).

Uppsetning verksins:

Höfundur sér um og ber ábyrgð á uppsetningu verksins og greiðir allan kostnað vegna tæknilegrar útfærslu á uppsetningu.

Skyldur kaupanda og höfundar:

Kaupandi skuldbindur sig til þess að halda verkinu vel við í samræmi við leiðbeiningar höfundar og lagfæra í samráði við höfund þær skemmdir sem kunna að verða á verkinu. Í allri umfjöllun kaupanda um verkið þar sem mynd er birt skal ætíð geta nafns höfundar.

Umsjón og meðferð verksins hlíta höfundalögum eins og þau eru á hverjum tíma. Höfundur skuldbindur sig til þess að gera ekki né láta gera eintak af verkinu, nema til komi samþykki kaupanda.

Upplýsingaskilti:

Listamaðurinn skal greiða fyrir gerð og uppsetningu á upplýsingaskilti um verkið. Útlit og staðsetning upplýsingaskiltis skal vera í samráði við kaupanda.

Reykjavík, 11. ágúst 2021

f.h. kaupanda

f.h. seljanda

Gísli Halldór Halldórsson,
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar

Ólöf Nordal,
myndlistarmaður

f.h. kaupanda

Guðrún Fanney Sigurðardóttir,
séfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu

FSR hefur yfirfarið texta þessa samnings og telur hann tilbúinn til undirritunar.

Dags. 11.08.2021

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins,

Örn Baldursson, sviðstjóri Þróunar eigna og aðstöðu

Undirritunarsíða

Örn Baldursson

Gísli Halldór Halldórsson

Ólöf Nordal

Guðrún Fanney Sigurðardóttir